

**45. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps  
haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, fimmtudaginn 14. júlí 2016 og hófst hann kl.  
17:00.**

**Fundinn sátu:**

Ásgeir Sveinsson (ÁSV) aðalmaður, Magnús Jónsson (MJ) aðalmaður,  
Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) aðalmaður, Indriði Indriðason (II) aðalmaður,  
Ásgeir Jónsson (ÁJ) varamaður, Ásthildur Sturludóttir (ÁS) bæjarstjóri og  
Indriði Indriðason (II) sveitarstjóri.

**Fundargerð ritaði: ,**

Inga Hlín Valdimarsdóttir safnvörður Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti sat  
fundinn.

**Dagskrá:**

**1. 1607022 - Kosning formanns/varaformanns**

Friðbjörg Matthíasdóttir kosinn formaður.  
Magnús Jónsson kosinn varaformaður.

**2. 1607023 - Skipun nefndarmanna**

Stjórn MEÓ skipa:  
Friðbjörg Matthíasdóttir  
Magnús Jónsson  
Ásgeir Jónsson  
Indriði Indriðason  
Ásgeir Sveinsson  
Egill Ólafsson

**3. 1607024 - Verkefni MEÓ**

Inga Hlín safnvörður fór yfir verkefni MEÓ og næstu skref.  
Talsverð fjölgun hefur verið á gestum á safninu frá fyrra sumri.  
Sumardagskrá safnsins hefur verið send út í öll hús á sunnanverðum  
Vestfjörðum.

Lögð fram kostnaðaráætlun fyrir viðgerðir á safnahúsnæðinu frá Tv-Verk  
ehf.

Samtals 1406 þúsund krónur. Stjórn samþykkir að taka framkomnu tilboði.  
Stjórn samþykkir að leita tilboða í dren og nýjar hurðar á safnahúsinu.

Lagt fram tilboð í eftirlitsmyndavélakerfi fyrir safnið, kr. 65 þúsund.  
Samþykkt að kaupa kerfið.

Lögð fram ósk frá erfingjum fyrrum eigenda Willis jeppa sem færður var  
safninu (hinn svokallaði Sveinseyrarjeppi) að erfingjarnir fái jeppann aftur til  
uppgerðar. Stjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti með fyrirvara um  
samþykki fulltrúa erfingja í stjórninni. Forstöðumaður upplýsti að áhugi væri

fyrir því að jeppinn verði til sýnis hluta úr sumri á safninu þegar viðgerð lýkur.

#### 4. 1607025 - Fjármál MEÓ

Safnvörður fór yfir stöðu fjármála MEÓ og er hún almennt góð, en sveitarfélögin Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur lögðu til aukið rekstrarfé fyrir safnið fyrir árið 2016.

#### 5. 1607026 - Önnur sameiginleg málefni

Fulltrúi Tálknafjarðarhrepps í sameiginlegri svæðisskipulagsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps er Lilja Magnúsdóttir. Vesturbyggð á eftir að skipa tvo fulltrúa í nefndina.

Ennfremur var rætt um að halda sameiginlegt íbúðing sveitarfélaganna vegna undirbúnings fyrir aðalskipulagsvinnu sveitarfélaganna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .

Friðbjörg Skutlu

Ásgafr Sverinsson

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Álfur Galle

Magnús Jóns

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_